

Aðfaranámskeið í efnafræði - 0 ein

Undirbúningsnámskeið í almennri efnafræði verður haldið um miðjan ágúst nk. Í námskeiðum í auðlindafræði, heilbrigðis- og kennaradeildum er gert ráð fyrir að nemendur hafi þessa grunnþekkingu.

Námslýsing: Fjallað verður um grundvallaratriði í ólífrænni efnafræði. Byggingu atóma, lotukerfið, efnatengi, efnahvörf, magnútreikninga, sýrur og basa.

Námsmat: Þar sem hér er um undirbúningsáfanga að ræða sem ekki gefur námseiningar verður ekki um sérstakt námsmat að ræða. Það er hinsvegar mikilvægt fyrir nemendur með lítinn eða engan undirbúning í efnafræði að sækja þetta námskeið og nýta tímann vel.

Kennari: Árný I. Brynjarsdóttir, efnafræðikennari.

Lesefni: Fyrirlestra- og dæmahefti, tekið saman af Árnýju I. Brynjarsdóttur, sem sent verður nemendum rafrænt í kjölfar greiðslu námskeiðsgjalds.

Tími: Námskeiðið stendur í eina viku frá 14.-18. ágúst og verður kennt kl. 16:15-18:50 í Háskólanum á Akureyri á Sólborg í stofu M-203. Einnig verður námskeiðið tekið upp og þannig aðgengilegt fyrir alla sem skrá sig og greiða námskeiðsgjald.

Verð: Námskeiðsgjald kr. 13.000 greiðist viku fyrir upphaf námskeiðsins í heimabanka: 0162-26-30620 kt. 520687-1229. Ath. að setja aðfaranám í skýringu. Ef greitt er síðar hækkar gjaldið í kr. 15.000.

Skráning: www.simenntunha.is (skráning) fyrir 1. ágúst.

Ath. Fyrirvari er um að námskeiðið getur fallið niður ef þátttaka er ekki nægileg.